

Reykjavík, 30. apríl 2018
VEL2018040058
330. fundur
KG/kg

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. maí 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Stuðningsþjónusta til foreldra með fíknivanda, skv. bókun velferðarráðs frá 12. október 2017.*

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 12. október 2017 lagði velferðarráð fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð leggur áherslu á að farið verði í úttekt á fíknivandaúrræðum borgarinnar sem og samningum og styrkjum sem veittir eru til meðferðarúrræða með þarfir kynjanna að leiðarljósi, sem geta verið mismunandi. Skoða þarf hvernig stuðningsþjónusta eins og tilsjón geti stutt betur við konur og karla með fíknivanda sem eru með börn á framfæri og treysta sér ekki til að yfirgefa börn sín til að fara í meðferð.

Greinargerð:

Það er samdóma álit sérfræðinga velferðarsviðs að tilsjón og stuðningsfjölskyldur megi nýta til að styðja betur við foreldra með fíknivanda. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu þá er hámark aðstoðar hjá stuðningsfjölskyldu fimm sólarhringar á mánuði fyrir börn en sjö sólarhringar fyrir fötluð börn. Það þýðir að fari foreldri í eftirmeðferð þá fer innlagnartími foreldra umfram samþykktarheimildir. Á grundvelli 16. gr. a reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð er heimilt í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, að veita foreldrum fjárstyrk í tengslum við dvöl barns utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Styrkur miðast við tvöfaldan barnalífeyri á mánuði samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Stuðningsfjölskyldur hafa að öllu jöfnu verið notaðar sem sólarhringsúrræði en að mati þjónustumiðstöðva þarf úrræðið að vera sveigjanlegra til að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir. Í sumum tilfellum hentar það börnum ekki að gista hjá stuðningsfjölskyldum þó svo að þau njóti samvista yfir daginn.

Samkvæmt upplýsingum barnaverndar kemur fyrir að barn dvelji hjá stuðningsfjölskyldu á meðan foreldri fer í meðferð. Barnavernd hefur jafnframt heimild til að vista börn hjá ættingjum á meðferð stendur á grundvelli 84 gr. barnaverndarlaga.

Þjónustumiðstöðvar og Barnavernd telja að tilsjón sé afar mikilvægt úrræði sem nýtist í stuðning við foreldra sem glíma m.a. við fíknivanda. Oft er um að ræða fjölskyldur sem þurfa

langtímastuðning og tilsjón sem fyrirbyggjandi stuðningsúrræði. Mikilvægt er að veita foreldrum stuðning á meðferðartíma og eftir meðferð. Foreldrarnir þurfa oft að læra uppá nýtt að vera foreldrar barna sinna og læra nýjar uppeldisaðferðir. Börn þarfnast stuðnings við að læra nýjar reglur sem foreldrarnir setja og börn og foreldrar þurfa sameiginlegan stuðning við að tengjast á nýjan hátt.

Niðurstaða:

Þjónustumiðstöðvar og barnavernd hafa til ýmissa úrræða að grípa til að styðja forelda og börn sem þurfa á stuðning á meðan á vímuefnaaðferð stendur, bæði á grundvelli reglna um stuðningsþjónustu, reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð og baranverndarlaga. Hins vegar þarf að huga að auknum sveigjanleika í reglum og mati á stuðningsþörf á grundvelli stuðningsþjónustureglna, samræma fjölda sólarhringja og leggja áherslu á ráðningu fagfólks í störfum á heimili barna og foreldra þeirra.

Fyrir liggur endurskoðun á reglum um stuðningsþjónustu og þar sem m.a. þarf að tryggja aukinn sveigjanleika í framkvæmd þjónustunnar. Eðli stuðningsþjónustu er að vera bæði fyrirbyggjandi og að viðhalda þeim árangri sem næst í meðferð mála.